

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Mátis ohf Vinlandsleið 12



<b>Dags eftirlits</b>	22.3.2019	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Einar Halldórsson
<b>Fyrirtæki</b>	Mátis ohf	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Vinlandsleið 12	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	670906-0190	<b>Flokkur</b>	Erfðabreyttar lífverur
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Elísabet Eik Guðmundsdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ólafur H. Friðjónsson	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með starfleyfi Mátis ohf. til afmarkaðrar notkunar á erfðabreyttum örverum. Engin frávik komu fram frá starfsleyfi og engum ábendingum var komið á framfæri.

## UMFANG EFTIRLITS


Byrjað var á fundi þar sem farið var yfir helstu ákæði í starfsleyfi. Mátis hefur óskað eftir breytingu á starfsleyfi til að endurspegla breytt umfang starfseminnar. Málið er til vinnslu hjá umsagna- og leyfisteymi Umhverfisstofnunar.

Farið var yfir kröfur um skráningu og meðhöndlun úrgangs og spilliefna. Starfsemin fellur undir afmörkunarflokk 1 og setur Umhverfisstofnun eftirfarandi afmörkunarskilyrði til samræmis: vinnuborð sem hrindir frá sér vatni, sýrum, bösum, leysiefnum, sótthreinsandi efnum og afmengandi efnum; gufusæfir skal vera á svæðinu; starfsfólki ber að nota viðeigandi hlífðarfatnað. Aðrar afmörkunarráðstafanir eru valfrálsar. Öryggisblöð eru aðgengileg og uppfærð.

Farið var í vettvangsferð um viðkomandi svæði þar sem unnið er með erfðabreyttar lífverur. Afmörkunarráðstafanir og öryggisráðstafanir skv. starfsleyfi voru til staðar. Að lokum voru úrgangsaðstæður skoðaðar og ekki var tilefni til athugasemda.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.05.2019

  
Einar Halldórsson